

Fundargerð

7. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021 9. apríl. kl. 8:15-9:30 – í stofu 6 í Heppuskóla og á TEAMS

Fundarstjóri og fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Mættir: Helga Árnadóttir, Katrín Guðmundsdóttir; Sigrún Gylfadóttir, Ída Mekkin Hlynsdóttir, Heiður Sigurðardóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir. Allir á teams nema Ída og Þórgunnur.

Dagskrá

- Maturinn í skólanum.** Farið yfir hvað hefur gerst frá síðasta fundi og hver staðan er núna. Það kemur aðeins meira af veganmat en hann er yfirleitt ekki settur í salatborðið fyrir unglingarnir koma svo það sé örugglega nóg fyrir þá sem eru vegan. Þetta gengur betur út á fiskidögum sérstaklega ef það eru grænmetisbollur en annars klárast þetta ekki endilega þrátt fyrir að þetta sé fremur lítill skammtur.
Á fundi skólanefndar 17. 3 kom eftirfarandi fram
Áherslan í skólafæði ætti að vera að maturinn sé eins hreinn og unnt er hvort sem um er að ræða rétti úr dýra- eða jurtaríki. Ákveðið að taka fæði í skólum til umræðu á fyrirhuguðum fundi með foreldrum í apríl.
Á sama fundi kom einnig áskorun frá bændasamtökunum um að nýta innlend matvæli eins og kostur er í skólamáltíðir, sérstaklega grænmeti, kjöt og fisk.
- Skóladagatal næsta skólaárs lagt fyrir og samþykkt.**
- Almennur foreldrafundur.** Í umbótaáætlun ytra mats frá því vorið 2020 er talað um að skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið. Fundarefni er opið en gæti t.d. verið að fara yfir niðurstöður Foreldrakönnunar Skólapúlsins og vera í leiðinni lausnamiðuð og leita leiða til að bæta hlutina. Það væri hægt að fara í SVÓT vinnu (styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri) eða eitthvað álíka. Í fyrra var haldinn sameiginlegur fundur með fræðslunefnd um að seinka skólabyrjun og fræðslunefnd vill líka vera með núna og stingur upp á að ræða fæði í grunnskólanum m.a. með tilliti til grænkerafæðis sbr. lið 1 í þessari dagskrá.
Hugmyndin var að hafa fundinn 13. apríl en ljóst að það er ekki hægt vegna samkomutakmarkanna og því þarf að finna annan fundartíma. Ákveðið að horfa til síðustu viku apríl með von um að samkomutakmarkanir leyfi slíkan fund.
- Önnur mál – næsti fundur ákveðinn í fyrstu viku maí nánar tiltekið 7. maí kl. 8:15